



Ársskýrsla 2014



Viðlagatrygging
Íslands



Hlíðasmára 14 • 201 Kópavogur

vidlagatrygging.is

Ábm. Hulda Ragnheiður Árnadóttir

Efnisyfirlit

Hlutverk Viðlagatryggingar Íslands.....	4
Skipan stjórnar	4
Framkvæmdastjóri	5
Starfsmenn.....	5
Eignir í váttryggingu	6
Virði váttryggðra eigna.....	7
Skipting váttryggðra eigna.....	7
Staðsetning váttryggðra eigna	8
Tjón og iðgjöld.....	9
Sundurliðun tjóna eftir tegundum	10
Samantekt fyrir árin 2008-2014	10
Heildar greiðsluskylda í einum atburði.....	11
Endurtryggingar.....	11
Gildi Viðlagatryggingar Íslands	12
Gæðakerfi Viðlagatryggingar Íslands	13
Viðbragðsáætlun	14
Rafrænn þjónustuvefur fyrir tjónamál	15
Samvinna við opinberar stofnanir	16
Örlítið um jarðskjálftaáhættu fyrir fróðleiksfúsa	17
Rekstrarreikningur 2014	18
Efnahagsreikningur 31. des. 2014.....	19

Hlutverk Viðlagatryggingar Íslands

Viðlagatrygging Íslands (VTÍ) var stofnuð árið 1975 og starfar eftir lögum nr. 55/1992 og reglugerð nr. 83/1993 um Viðlagatryggingu Íslands. Auk þess eru helstu réttarheimildir lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, lög um váttryggingarstarfsemi nr. 56/2010 og Stjórnsýslulög nr. 37/1993.

Stofnunin váttryggir gegn beinu tjóni af völdum jarðskjálfta, eldgosa, snjóflóða, skriðufalla og vatnsflóða. Stofnunin váttryggir ekki gegn tjóni af völdum óveðurs (storms).

Samkvæmt 5. grein laganna er skylt að váttryggja allar húseignir og lausafé sem hafa brunatryggingu. Einnig er skylt að tryggja hitaveitur, vatnsveitur og fráveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs, hafnarmannvirki, brýr lengri en 50m, raforkuvirki, síma og fjarskiptamannvirki og skíðalyftur.

Skipan stjórnar

Stjórn stofnunarinnar er skipuð fimm mönnum þar sem þrír eru kosnir af Alþingi, einn af váttryggingafélögunum og formaður stjórnar af fjármála- og efnahagsráðherra. Guðrún Erlingsdóttir, Hafnarfirði er stjórnarformaður, aðrir stjórnarmenn eru Adolf Guðmundsson, Seyðisfirði, Lína Björg Tryggvadóttir, Ísafirði og þeir Sigmar Ármannsson og Steinar Harðarson úr Reykjavík



Stjórn Viðlagatryggingar Íslands frá 2011-2015

Frá vinstri: Sigmar Ármannsson, Adolf Guðmundsson, Guðrún Erlingsdóttir stjórnarformaður, Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri, Steinar Harðarson og Lína Björg Tryggvadóttir.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri VTÍ er Hulda Ragnheiður Árnadóttir. Hún tók við starfi framkvæmdastjóra árið 2010. Hún starfaði áður við innri endurskoðun hjá Kaupþing banka og sem fjármálastjóri hjá Blöndu-ós bæ og Húsvíkurbæ. Hulda hefur að auki fengist við ýmislegt, s.s. rekstur saumastofu og sumarbúða fyrir börn. Hún er með sveinspróf í kjólasaum frá lðnskólanum í Reykjavík frá árinu 1992, diploma í opinberri stjórnsýslu og stjómun frá EHÍ, Bsc. í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri og Msc. í bankastarfsemi, fjármálum og alþjóðaviðskiptum frá Háskólanum á Bifröst.

Starfsmenn

Viðlagatrygging hefur á að skipa öflugum hópi starfsmanna með fjölbreyttan bakgrunn. Starfsmenn auk framkvæmdastjóra eru 5, Halldór Frímannsson, lögfræðingur, Jón Örvar Bjarnason, byggingarverkfræðingur, Jónína Pálsdóttir, bókari og Tinna Hallbergsdóttir gæðafulltrúi. Í lok árs 2014 lét Rannveig Haraldsdóttir af störfum og í hennar stað var ráðin Kristín Geirsdóttir í starf gjaldkera.

Jónína Pálsdóttir
bókari

Haldór Frímannsson
lögfræðingur

Kristín Geirsdóttir
gjaldkeri/þjónustufulltrúi



Jón Örvar Bjarnason
byggingarverkfræðingur

Hulda Ragnheiður Árnadóttir
framkvæmdastjóri

Tinna Hallbergsdóttir
gæðafulltrúi

Eignir í váttryggingu


Í september 2014 var virði eigna sem váttryggðar eru af Viðlagatryggingu Íslands líðlega 10.000 milljarðar króna. Árleg iðgjöld af váttryggðum eignum er 0,25% af váttryggingarfjárhæð brunatryggðra húseigna og lausafjár, en 0,20% af öðrum eignum. Váttryggingarfélag annast innheimtu iðgjalda af húseignum og váttryggðu innbúi og lausafé samhliða innheimtu iðgjalda af brunatryggðum eignum.

**Enginn stór váttryggingaratburður
varð á árinu 2014**




Virði váttryggðra eigna

Heildarvirði eigna sem váttryggðar eru af Viðlagatryggingu Íslands voru um 10.025 milljarðar króna þann 1. september 2014. Þar af eru fasteignir um 7.098 milljarðar (70,8%), innbú og lausafé um 2.169 milljarðar (21,6%) og veitur og önnur mannvirki um 758 (7,6%). Frá árinu 2006 hefur heildarverðmæti eigna u.þ.b. tvöfaldast. Aukning verðmæta frá september 2013 til september 2014 er 3,35%.



Skipting váttryggðra eigna

Hér má sjá hvernig váttryggingaverðmæti skiptast á milli fasteigna, innbús og lausafjár og opinberra mannvirkja. Iðgjöld vegna fasteigna, innbús og lausafjár eru innheimt samhliða brunatryggingum váttryggingafélaganna og annast þau skýrslugjöf og greiðslur til Viðlagatryggingar Íslands í tengslum við það. Álagning iðgjalda og innheimta, vegna opinberra mannvirkja fer fram á skrifstofu Viðlagatryggingar Íslands.




Staðsetning váttryggðra eigna

Um 70-75% allra váttryggðra eigna eru á suðvestur horni landsins. Af þeim sökum er svæðið mun viðkvæmara fyrir náttúruvá en önnur svæði landsins, ef horft er til tjónskostnaðar.

Viðlagatrygging Íslands hefur á undanförmum árum lagt aukna áherslu á mat á váttryggingaráhættu. Ítarlegra áhættumat hefur meðal annars


leitt til mun betri upplýsingagjafar til endurtryggjenda, enda hafa kröfur þeirra um ítarlegar upplýsingar aukist til muna á síðustu árum. Bætt upplýsingagjöf til endurtryggjenda leiðir af sér minni óvissu sem stuðlar að hagstæðari samningum um endurtryggingavernd.






Tjón og iðgjöld

Tjón Viðlagatryggingar Íslands frá árinu 2004 til 2014 er alls um 11,4 milljarður króna en innheimt váttryggingaiðgjöld fyrir sama tímabil eru um 18 milljarðar. Innheimt iðgjöld eru að jafnaði meiri en tjón ef litið er til árána 2004 til 2014, þrátt fyrir jarðskjálftann árið 2008 og sjóðstreymi því jákvætt. Innheimt iðgjöld ársins 2014 voru um 2,4 milljarðar króna. Jarðskjálftar eru langstærsta orsök tjóns á váttryggðum eignum síðastliðinn áratug. Tjón vegna jarðskjálftans sem varð í maí árið 2008 dreifist á árin 2008 og árin þar í kjölfarið vegna þessa tíma sem tekur að vinna úr atburði af þeirri stærðargráðu sem hann var.




Sundurliðun tjóna eftir tegundum

Langstærsti hluti tjóna á síðustu árum er vegna jarðskjálftans í maí 2008, eða um 90%. Tjón af völdum öskufalls vegna eldgoss í Eyjafjallajökli árið 2010 og í Grímsvötnum árið 2011 er um 460 milljónir króna. Tjón vegna flóða sem greitt var á árinu 2013 er tilkomið vegna skemmda á stíflumannvirki við Djúpadalsvirkjun sem varð árið 2006. Allar fjárhæðir innifela kostnað vegna tjónabóta, matskostnaðar og lögfræðikostnaðar.



Samantekt fyrir árin 2008-2014

Ef lítið er til árunna 2008-2014 má glögg sjá hve hátt hlutfall tjónabóta hefur verið greitt vegna jarðskjálftatjóna.




Heildar greiðsluskylda í einum atburði

Heildar greiðsluskylda í einum atburði er takmörkuð með ákvæði í 18. gr. laga nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands. Þar er kveðið á um að greiðsluskylda takmarkist við 10% af samanlögðum váttryggingarfjárhæðum í hverjum váttryggingaratburði. Miðað við núverandi váttryggingarverðmæti nemur sú fjárhæð nálægt 100 milljörðum króna í einum atburði. Miðað við núverandi endurtryggingavernd er greiðslugeta VTÍ að meðtöldum endurtryggingum ríflega 47 milljarðar króna.

Endurtryggingar

Aon Benfield í Þýskalandi annast miðlun endurtryggjenda frá og með ársbyrjun 2014. Áður höfðu Guy Carpenter annast miðlun endurtrygginga. Endurtryggjendur sem koma að samningunum vegna ársins 2015 eru 22, þar á meðal Sirius Reinsurance, Munich RE, NewRE, SCOR og Lloyd's. Eigin áhætta Viðlagatryggingar Íslands er 10 milljarðar króna og hefur staðið í stað frá árinu 2010. Verndin nemur 20 milljörðum yfir 10 milljörðum í hverjum tjónsatburði.



- Heimild til lántöku með ríkisábyrgð
- 20 x 10 endurtryggingarvernd
- Sjóður VTÍ
- Eigin áhætta (sjóður VTÍ)

Gildi Viðlagatryggingar Íslands

Viðlagatrygging Íslands leggur metnað sinn í að starfa samkvæmt þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda í víðtækum skilningi. Í þeirri endurskipulagningu sem unnið hefur verið að með stjórn og starfsfólki á síðustu árum hefur áhersla verið lögð á að auka samkvæmni, skilvirkni og jafnræði. Með því að vinna markvisst að úrbótum er unnt að starfa í anda gilda Viðlagatryggingar Íslands þar sem sanngirni, samvinna, áreiðanleiki og frumkvæði eru höfð að leiðarljósi.

- **Sanngirni** er höfð að leiðarljósi með því að fylgja fyrirfram skilgreindum verklagsreglum í þeim tilgangi að allir fái sömu meðferð óháð stétt, stöðu eða tengslum.
- **Samvinna** er höfð við váttryggða eins og kostur er með aukinni upplýsingagjöf um stöðu mála og leiðbeiningum um

málsmeðferð. Áhersla er lögð á samvinnu við aðrar opinberar stofnanir og aðra þá aðila sem deilt geta reynslu og þekkingu með starfsfólki Viðlagatryggingar Íslands.

- **Áreiðanleiki** vex með fylgni við það verklag sem innleitt hefur verið og unnt er að fylgjast með málum og koma í veg fyrir að dráttur verði á afgreiðslu eða viðbragða af hálfu stofnunarinnar. Ný upplýsingakerfi hafa aukið verulega yfirsýn og eftirfylgni með einstökum málum. Innra eftirlit og endurskoðun gæðakerfis er mikilvægur hluti starfseminnar.
- **Frumkvæði** er mikils metið af hálfu starfsmanna, bæði í tengslum við innri verkefni og í samskiptum við viðskiptavini.



Gæðakerfi Viðlagatryggingar Íslands

Viðlagatrygging Íslands hefur innleitt gæðakerfi skv. ISO:9001 gæðastaðlinum. Innleiðing á gæðakerfinu hófst í október 2011 með staðfestingu stjórnar á gæðastefnu, sem miðaði að því að innleiða núverandi gæðakerfi. Í árslok 2012 lágu fyrir starfsreglur stjórnar, erindisbréf endurskoðunarnefndar, reglur um innri endurskoðun, reglur um innra eftirlit, gæðastefna, skjalastefna, reglur um fjárfestingastarfsemi, fjárfestingarstefna og mannauðsstefna. Í júní 2013 var gæðakerfið vottað og staðfest af BSI á Íslandi. Gæðakerfið eykur áreiðanleika gagna, vistun, rekjanleika og samræmingu verklags. Það bætir einnig rekstrarsamfellu hjá stofnuninni í viðtækum skilningi.

Á árinu 2013 hefur stjórn samþykkt áhættustýringarstefnu, upplýsingaöryggisstefnu og siðareglur. Með útgáfu þessara stefnuskjala metur stjórnin það sem svo að stefnumótun sé orðin skýr varðandi mikilvægustu þætti í rekstri stofnunarinnar. Til að tryggja stöðugt viðhald gæðakerfisins eru skipulagðar úttektir á fylgni við gæðaskjöl stofnunarinnar með virkri þátttöku allra starfsmanna. Endurskoðun stefnuskjala fer reglulega fram í samræmi við endurskoðaðar kröfur FME til vátryggingafélaga. Niðurstöður úttekta eru kynntar stjórn með reglulegum hætti í forni skýrslu sem kallast „Mat á virkni gæðakerfis“.




Viðbragðsáætlun

Lokið var við gerð viðbragðsáætlunar Viðlagatryggingar Íslands í maí 2014. Áætlunin markar tímamót í sögu Viðlagatryggingar Íslands þar sem um er að ræða lokapunkt á umfangsmiklu verkefni sem staðið hefur yfir frá árinu 2011. Um er að ræða heildstæða áætlun sem innifelur verklýsingar, gátlista og önnur hjálpargögn sem nýtast vel þegar náttúruöflin láta til sín taka. Í viðbragðsáætluninni eru leiðbeiningar um upplýsingagjöf til hagsmunaðila og ýmis gæðaskjöl sem

tryggja að viðbrögð séu samræmd og áreiðanleg.

Við gerð viðbragðsáætlunar var lögð áhersla á að virkja bæði stjórn og starfsmenn til samstarfs. Sýnilegur ávinningur er af innleiðingu áætlunar sem hefur gefið góða raun í þeim prófunum sem gerðar hafa verið, sem og í smærri atburðum þar sem ákvörðun um upplýsingagjöf og virkjun áætlunar er tekin strax í aðdraganda atburða ef við á.





Rafrænn þjónustuvefur fyrir tjónamál

Í byrjun árs 2013 var hafist handa við gerð verkefnislýsingar fyrir nýjan gagnagrunn sem heldur utan um tjónamál allt frá því að viðskiptavinur tilkynnir um tjón, meðferð málsins hjá Viðlagatryggingu og matsmönnum og þar til uppgjöri er lokið. Ríkiskaup annaðist umsjón útboðs sem fram fór í ágúst 2013. Öll innsend tilboð reyndust yfir kostnaðaráætlun og því var ákveðið að hafna öllum tilboðum. Í janúar 2014 var boðið út að nýju með ítarlegri verkefnalýsingu og skiptingu verþátta og reyndist tilboð Prógramms ehf. hagstæðast. Samningar voru undirritaðir við Prógramm í mars 2014 sem hófst þegar handa við hönnun nýrrar heimasíðu og tjónaskrár. Vefsíðan fór í loftið í desember 2014 og lokaprófanir á tjónaskránni fóru fram í lok árs 2014 og upphafi árs 2015. Viðskiptavinir fara nú í gegnum island.is til að tilkynna um tjón sitt, þar sem allar upplýsingar um fasteignina eru sóttar með gagnaskeyti, beint til fasteignaskrár. Allir verkferlar sem snúa að afreiðslu tjóna eru skrifaðir inn í kerfið þannig að tímafrestir, ábyrgð og verklag tekur mið af vottuðu gæðakerfi Viðlagatryggingar Íslands.

Upplýsingagjöf til viðskiptavina hefur batnað til muna með tilkomu þessa kerfis þar sem upplýsingar um stöðu mála eru sendar með reglulegum hætti úr kerfinu. Yfirsýn hvers starfsmanns og matsmanna um mál í vinnslu er afar einföld og skilvirk eftirfylgni af hálfu stjórnenda með málum í vinnslu. Skýrslugjöf úr kerfinu s.s. um stöðu á úrvinnslu tjóna í atburði, heildarkostnað og skiptingu verkefna á milli matsaðila er afar einföld og aðgengileg.

Samvinna við opinberar stofnanir

Á undanförunum árum hefur Viðlagatrygging Íslands lagt áherslu á samstarf við aðrar ríkisstofnanir. Fjölpætt samstarf við almanna-
vamideild ríkislögreglustjóra hefur fært báðum stofnunum verulegan ávinning. Má þar nefna sameiginlegan starfsdag þar sem þekkingu er miðlað meðal starfsmanna og stjórnenda, samvinnu við samantekt á skýrslu vegna mögulegra flóða af völdum eldgoss í Bárðarbungu auk fleiri smærri verkefna. Viðlagatrygging Íslands og Veðurstofa Íslands hafa undirritað samning um gagnkvæma upplýsingagjöf til hagsbóta fyrir báðar stofnanir. Samstarf Viðlagatryggingar og Veðurstofu snýr helst að gagnavinnslu og úrvinnslu upplýsinga vegna áhættu af völdum náttúruvár. Þjóðskrá Íslands hefur verið þýðingarmikill samstarfsaðili Viðlagatryggingar varðandi gagna-
grunn fyrir fasteignir á Íslandi, en fasteignagrunnur Þjóðskrár gegnir lykilhlutverki þegar kemur að gerð áhættulíkana og rafrænni tjónaskrá Viðlagatryggingar Íslands. Einnig hefur verið samstarf um verkefni á sviði gæðastjórnunar milli Viðlagatryggingar Íslands og Mannvirkjastofnunar annars vegar og Ríkiskaupa hins vegar. Fasteignir ríkissjóðs komu að gerð þarfagreiningar og húslýsingar vegna flutnings Viðlagatryggingar Íslands úr Borgartúni 6 í Reykjavík í Hlíðasmára 14 í Kópavogi.

Viðlagatrygging Íslands telur að aukið samstarf ríkisstofnanna feli í sér mörg tækifæri til hagræðingar í rekstri, útbreiðslu þekkingar og betri stjórnsýslu, almenningi til góða.




Örlítið um jarðskjálftaáhættu fyrir fróðleiksfúsa

Árið 2010 var lagt í umfangsmikið verkefni sem snýr að áhættumati vegna jarðskjálfta. Jarðskjálftaáhætta var metin með því að sameina upplýsingar um jarðskjálftavá (jarðskjálftaálag), upplýsingar um staðsetningu og eiginleika váttryggðra eigna og upplýsinga um hvernig váttryggðar eignir skemmast við mismunandi jarðskjálftaálag. Við mat á jarðskjálftavá var unnið með upplýsingar frá Veðurstofu Íslands um mælda og sögulega jarðskjálfta allt aftur til ársins 1700. Einnig var jarðskjálftavá metin út frá jarðeðlisfræðilegum eiginleikum landsins. Upplýsingar um staðsetningu og eiginleika váttryggðra eigna voru meðal annars fengnar úr fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands, sem heldur nákvæma skrá um allar fasteignir á Íslandi. Loks voru raunupplýsingar um tjón af völdum jarðskjálftanna á Suðurlandi árin 2000 og 2008 notaðar til að leggja mat á hvernig húsbyggingar og lausafé skemmist af völdum mismunandi jarðskjálftaálags. Ofantaldar upplýsingar voru síðan settar saman í reiknilíkan. Líkanið er bæði hægt að nota til að skoða áhrif einstakra atburða (sviðsmynda) eða til að leggja mat á tryggingafræðilega áhættu Viðlagatryggingar Íslands af völdum jarðskjálfta. Reiknilíkanið og sú aðferðafræði sem það byggir á hefur einnig verið notað við gerð viðbragðsáætlunar Viðlagatryggingar Íslands sem gefin var út á árinu 2014.

Myndin hér að neðan er dæmi um upplýsingar úr reiknilíkaninu sem sýnir hvernig búast má við mismunandi álagi á húsbyggingar af völdum jarðskjálfta. Dökk grænir punktar eru húsbyggingar þar sem hættu á jarðskjálftaálagi er nánast hverfandi, jafnvel til langs tíma lítið. Rauðir punktar sýna hins vegar hvar talið er að jarðskjálftaálag geti orðið hvað mest á Íslandi. Almennt eru húsbyggingar á Íslandi

mjög sterkbygðar, jafnvel þó þær hafi ekki verið hannaðar sérstaklega með jarðskjálfta í huga. Sterk hefð er fyrir byggingu lágreistra húsa úr steinsteypu eða timbri og eru þær hannaðar til að standast mikið snjó- og vindálag. Burðarvirki húsa úr múrsteini þekkist hinsvegar ekki hérlandis, en léleg mótstaða þess konar bygginga gagnvart jarðskjálftaálagi er mikið vandamál víða erlendis. Þannig má sem betur fer segja að líkur á skemmdum eða hruni húsbygginga af völdum jarðskjálfta á Íslandi eru litlar, jafnvel á þeim svæðum þar sem jarðskjálftaálag er hvað mest.

Váttryggðar fasteignir og lausafé á Íslandi. Mesta yfirborðshröðun miðað við 500 ára meðalendukomutíma.



Mesta yfirborðshröðun (PGA)

● 0,01 - 0,05 ● 0,06 - 0,15 ● 0,16 - 0,35 ● 0,36 - 0,50 ● 0,51 - 0,90

Rekstrarreikningur 2014

	2014	2013
lögjöld ársins	2.486.969	2.431.214
Hluti endurtryggienda í iðgjaldatekjum	(426.355)	(398.040)
Eigin iðgjöld	<u>2.060.614</u>	<u>2.033.174</u>
Fjármunatekjur	1.379.984	139.265
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	(275.997)	(27.856)
Fjárfestingartekjur	<u>1.103.987</u>	<u>111.409</u>
Umboðslaun	<u>12.600</u>	<u>11.853</u>
Heildartekjur	3.177.201	2.156.436
Tjónakostnaður	(88.810)	(279.709)
Hluti endurtryggienda í tjónakostnaði	(73.954)	134.946
Breyting á tjónaskuld	171.600	263.000
Eigin tjón	8.836	118.237
Rekstrarkostnaður	(404.910)	(397.842)
Framlög til fyrirbyggjandi starfsemi	(5.000)	(17.200)
Heildargjöld	<u>(401.074)</u>	<u>(296.805)</u>
Heildarhagnaður ársins	<u><u>2.776.127</u></u>	<u><u>1.859.631</u></u>

Efnahagsreikningur 31. des. 2014

	2014	2013
Eignir		
Varanlegir rekstrarfjármunir	4.423	5.897
Verðbréf	24.742.395	22.037.653
Endurtryggingaeignir	283.818	645.352
Viðskiptakröfur	539.993	552.023
Aðrar kröfur	5.546	2.177
Handbært fé	2.575.433	2.347.686
Eignir samtals	<u>28.151.608</u>	<u>25.590.788</u>
Eigið fé		
Varasjóður	4.270.135	4.270.135
Óráðstafað eigið fé	22.427.060	19.650.933
Eigið fé samtals	<u>26.697.195</u>	<u>23.921.068</u>
Skuldir		
Vátryggingaskuld	926.224	1.123.210
Tekjuskattsskuldbinding	490.918	512.964
Viðskiptaskuldir	21.992	22.432
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	15.279	11.114
Skuldir samtals	<u>1.454.413</u>	<u>1.669.720</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>28.151.608</u>	<u>25.590.788</u>

